



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Borgartúni 26

105 REYKJAVÍK

Iceland

Garðabær, 21.2.2025

Málsnúmer: 202502-0052

SS

Efni: Umsögn um beiðni um útflutning á lunda

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytinu, dags. 18 febrúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um erindi Obihiro Chamber of Commerce and Industry í Hokkaido-héraði í Japan þar sem spurt er hvort mögulegt sé að fá lifandi lunda frá Íslandi í dýragarð hjá þeim.

Eins og fram kemur í bréfi ráðuneytisins myndi slíkt leyfi krefjast undanþágu frá 7. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun, og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Í ljósi þess að lundinn er metinn sem tegund í bráðri hættu samvæmt útgefnum válista Náttúrufræðistofnunar frá 2018, og þar sem nýrri gögn benda ekki til þess að staða lundans hafi batnað síðan þá, telur stofnunin ekki við hæfi að veita undanþágu sem felur í sér að veiða lifandi lunda með það að markmiði að flytja út í erlendan dýragarð.

Slík undanþága væri einnig ekki í takt við ríkjandi sjónarmið hérlandis um velferð dýra og í því samhengi má benda á að ný reglugerð um dýragarða og dýrasýningar hefur verið í undirbúningi hjá Matvælaráðuneyti um nokkurt skeið og í drögum sem Náttúrufræðistofnun hefur fengið að sjá eru tillögur um almenn ákvæði þess eðlis að óheimilt sé að halda villt dýr í dýragörðum hérlandis nema með sérstökum undanþágum.

Út frá þessum sjónarmiðum er því erfitt að rökstyðja forsendur fyrir að veita undanþágu fyrir þeim útflutningi sem óskað er eftir og Náttúrufræðistofnun leggur því til að umsókninni sé hafnað.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um málið ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndar